



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 26. maí 2015
SFS2015050237
0.0

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð
b.t. Halldórs Auðar Svanssonar, formanns

Málsnr.: R15040229
Skjalasafn Ráðhúss
02. júní 2015
Bréfalykill: 430

***Umsögn um hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík um að leggja niður leikskólaráð
- R15010070***

Í bréfi dagsettu 13. maí 2015 er óskað eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík um að leggja niður leikskólaráð. Fram kemur í erindinu að heimfæra megi hugmyndina upp á skóla- og frístundaráð þar sem leikskólaráð sé ekki lengur starfandi.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er í 37. gr. fjallað um fastanefndir sveitarstjórna. Þar segir að sveitarstjórn kjósi fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélags. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórna.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar segir í 62. grein:
"Kosning í ráð. Borgarstjórn kys eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og jafnmarga til vara.

B. Til fjögurra ára:

Sjö menn í íþrótt- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.

Sjö menn í mannréttindaráð og sjö til vara. Formannskjör.

Sjö menn í menningar- og ferðamálaráð og sjö til vara. Formannskjör.

Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.

Sjö menn í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.

Sjö menn í velferðaráð og sjö til vara. Formannskjör.

Formenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu vera borgarfulltrúar eða varaborgarfulltrúar."

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir í 4. gr. segir að nefnd kjörin af sveitarstjórn fari með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórna. Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólanefndar skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Þá fer skóla- og frístundaráð með verkefni félagsmálanefndar skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að því er lítur að daggæslu í heimahúsum.


Skipan í skóla- og frístundaráð fer því eftir því fyrirkomulagi sem lög og samþykktir Reykjavíkurborgar segja til um.

Lög og samþykktir Reykjavíkurborgar gera jafnframt ráð fyrir áheyrnarfulltrúum í skóla- og frístundaráði. Um er að ræða átta fulltrúa skólastjóra í leikskóla, skólastjóra grunnskóla,

kennara í grunnskólum, starfsmanna í leikskólum, foreldra leikskólabarna, foreldra grunnskólabarna, stjórnenda frístundamiðstöðva og Reykjavíkurráðs ungmenna. Áheyrnarfulltrúarnir eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti og er þátttaka þeirra mikilvæg fyrir stefnumótun og starf ráðsins.

Fjölmargir starfshópar eru settir af stað af skóla- og frístundaráði og skóla- og frístundasviði til að fjalla um og koma með tillögur er varða stefnumótun í skóla- og frístundastarfi. Lögð er á það áhersla að þeir hópar séu m.a. skipaðir af fagfólki í málaflokknum sem lykilaðilum í stefnumótun á þessu sviði.

Virðingarfyllst



Ragnar Þorsteinsson
sviðsstjóri